

**Ed.**

**936. Frumvarp til lögræðis laga.**

**[83. mál]**

(Eftir eina umr. í Ed., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 88 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskýlt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Pegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

18. gr. hljóðar svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina og skal trúnaðarlæknir ráðuneytisins sjá um að sjúklingnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómara í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.